



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð - Ráðhús Reykjavíkur

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið

---

### *Hönnun borgarlínu - umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins - R19040062*

Neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

1. Hvaða sérfræðingar/verkfræðistofur sjá um að hanna borgarlínuna?
2. Hafa þeir reynslu af slíku verkefni?
3. Var hönnunin boðin út?
4. Þegar um svo stórt verkefni að ræða þá á að bjóða það út á EES svæðinu – var það gert?
5. Er búið að vera samráð við sérfræðinga sem eru nýbúnir að hanna og framkvæma sambærilegt verk í Edinborg og var þeim boðin þátttaka?

Umsögn sviðsins er eftirfarandi:

Undirbúningur Borgarlínu á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hefur staðið í nokkur ár, hófst með vinnslu svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Ýmis undirbúningsvinna hefur farið fram, með aðkomu innlendra og erlendra ráðgjafa, en formleg hönnun Borgarlínu er framundan. Fyrirliggjandi skýrslur frá Mannviti, VSÓ-Ráðgjöf, COWI og Jarret Walker má finna á heimasíðu SSH: <https://www.ssh.is/utgefih-efni/skyrslur>

Verkefnastofa Borgarlínu tók formlega til starfa fyrir í sumar og mun sinna undirbúningsverkefnum fyrir fyrsta áfanga Borgarlínu á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnastofan starfar á grundvelli samkomulags milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem lagður var grunnur að í samgönguáætlun. Samkomulagið felur í sér að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Vegagerðin skipti með sér kostnaði vegna undirbúningsvinnunnar á árunum 2019 og 2020. Tilgangur verkefnastofunnar er að ljúka forhönnun Borgarlínu, yfirfara leiðarkerfi almenningsamgangna, kostnaðarmat, skipulagsvinna og gerð umhverfismats þannig að hægt verði í framhaldinu að hefja verkhönnun og undirbúa gerð útboðsgagna fyrir framkvæmdir.

Á verkefnastofunni eru þrír verkefnastjórar og munu þau njóta tilfallandi stuðnings sérfræðinga Vegagerðarinnar, sveitarfélaganna og Strætó bs. Undirbúningsvinnan mun jafnframt vera í höndum utanaðkomandi ráðgjafa, bæði innlendra og erlendra. BRT Planning International (BRTPlan) mun vera Verkefnastofu til ráðgjafar í ferlinu. Fyrirtækið starfar í Brooklyn í New York í Bandaríkjunum og hefur komið að skipulagi og framkvæmdum BRT kerfa í norður og suður Ameríku, Asíu, Afríku og Evrópu. BRTPlan hefur komið að gerð staðla fyrir BRT kerfi (BRT Standard) og uppbyggingu meðfram þeim (TOD standard). Fyrirtækið hefur ennfremur sinnt ráðgjöf til stofnana á borð við ITDP (Institute for Transportation and Development Policy), Alþjóðabankann og þróunarbanka Asíu.

Forhönnun fyrsta áfanga borgarlínu verður boðin út síðar á árinu í samræmi við lög um opinber innkaup. Verkefnastofa Borgarlínu vinnur að undirbúningi útboðsins.



f.h. umhverfis- og skipulagssviðs,  
Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri